

From: Hulda Kristjánsdóttir
Sent: 16 September 2025 18:53
To: Bragi Bjarnason ; Sveinn Ægir Birgisson - bæjarfulltrúi
Cc: Árni Eiríksson
Subject: Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps

Sælir Bragi og Sveinn Ægir

Sveitarstjórn Flóahrepps bókaði eftirfarandi á 326. fundi sínum í dag 16.09.2025:

„Erindi frá Sveitarfélaginu Árborg – Færslur á sveitarfélagamörkum og sameiningarmál

Fyrir liggur erindi frá Sveitarfélaginu Árborg er varðar óskir um formlegt samtal á milli Sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um mögulega tilfærslu sveitarfélagamarka til austurs við Selfoss. Í erindinu lýsir Sveitarfélagið Árborg sig jafnframt tilbúið til að skoða ávinning sameiningar sveitarfélaganna.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn hafnar ósk Sveitarfélagsins Árborgar um færslu á sveitarfélagamörkum austan við Selfoss en tekur jákvætt í áframhaldandi uppbyggingu þéttbýlisins til austurs og lýsir yfir vilja til samstarfs og samninga sveitarfélaganna um skipulagsmál og þjónustu við svæðið. Sveitarstjórn hvetur landeiganda til þess að hefja vinnu við deiliskipulag þess hluta svæðisins sem liggur við nýjan hringveg um Ölfusá, sem í aðalskipulagi Flóahrepps er skilgreint sem verslunar og þjónustusvæði. Bent er á að heildarendurskoðun á aðalskipulagi Flóahrepps stendur nú yfir og mun skipulag á sveitarfélagamörkum falla undir þá vinnu. Sveitarstjórn óskar eftir því að haldinn verði sameiginlegur fundur fulltrúa bæjar- og sveitarstjórna sveitarfélaganna með skipulagsfulltrúum til að ræða málið.

Með þessari ákvörðun telur sveitarstjórn að verið sé að gæta hagsmuna íbúa Flóahrepps. Ljóst er að veruleg verðmæti felast í landinu, einkum með tilliti til tekjuöflunar í formi fasteignagjalda af skilgreindu verslunar og þjónustusvæði.

Sveitarstjórn Flóahrepps sér ekki að almennir hagsmunir íbúa Flóahrepps séu betur tryggðir með sameiningu sveitarfélaganna að óbreyttu. Flóahreppur sinnir lögbundinni þjónustu við íbúa sína ýmist innan sveitarfélags, í byggðasamlögum eða samstarfsverkefnum og veitir góða almenna nærþjónustu. Samanburður á rekstri sveitarfélaganna 2024 sýnir að skuldahlutfall og skuldir á hvern íbúa eru umtalsvert hagstæðari í Flóahreppi en í Árborg. Sameining myndi því leiða til margfaldrar skuldaaukningar á hvern íbúa Flóahrepps.

Sveitarstjórn hyggst skoða þann möguleika að leggja fyrir íbúakönnun samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2026 þar sem könnuð verður afstaða íbúa til sameiningar og mismunandi sameiningarkosta. Ekki verði um bindandi íbúakönnu að ræða heldur könnun á meðal kosningabærra íbúa sveitarfélagsins. Sú vinna myndi nýtast til frekari greininga að loknum kosningum 2026. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 ber sveitarfélögum undir 1.000 íbúum, innan árs frá sveitarstjórnarkosningum, að hefja annaðhvort formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119 gr. laganna eða vinna álit um stöðu sveitarfélagsins, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og þau tækifæri sem felast í hugsanlegri sameiningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum"

Bókun sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Bestu kveðjur

Hulda

Hulda Kristjánsdóttir

Sveitarstjóri Flóahrepps

hulda@floahreppur.is

www.floahreppur.is | 480 4370 | Þingborg

Þessi tölvupóstur og/eða viðhengi gæti innihaldið trúnaðarupplýsingar og/eða einkamál og er eingöngu ætlaður þeim sem hann er stílaður á. Ef sending þessi hefur ranglega borist má ekki skrá neitt úr póstinum hjá sér eða notfæra sér það á nokkurn hátt. Jafnframt er móttakanda skylt að gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna sendanda að upplýsingar hafi ranglega borist, sbr. fyrir máli [9.mgr.47.gr](#) laga nr. 81/2003 um fjarskipti.